

A black and white photograph of a modern office interior. On the left, there is a glass-walled office space. In the center, a sunburst-style clock is mounted on a light-colored wall. To the right, a dark, vertically-slatted wall is visible. In the foreground, a dark leather sofa is positioned against the wall, with a white table and two white chairs in front of it. The floor is highly reflective.

Íslenskur vinnumarkaður

Innlendur vinnumarkaður á fyrri hluta árs 2025



VINNUMÁLA
STOFNUN



VINNUMÁLA
STOFNUN

Íslenskur vinnumarkaður

Innlendur vinnumarkaður á fyrri hluta árs 2025

Í skýrslu VMST um vinnumarkaðinn á fyrri helmingi ársins 2025 verður farið yfir helstu þætti innlends vinnumarkaðar og rýnt í þróun milli landssvæða og hópa á vinnumarkaði eftir aldri, kyni og uppruna. Einnig verður spáð fyrir um þróun atvinnuleysis á seinni hluta árs 2025.

Staða og þróun á fyrri hluta árs 2025	4
Staðan á vinnumarkaði	5
Vinnuafli.....	6
Unndís – Fjölgun hlutastarfa.....	6
Starfandi.....	7
Atvinnulausir.....	8
Erlent starfsfólk á íslenskum vinnumarkaði	9
Þjónusta Vinnumálastofnunar við erlenda atvinnuleitendur	10
Ungt fólk á vinnumarkaði – Aldurshópur 18-29 ára	11
Landssvæði	12
Atvinnuleysi og vinnumarkaður – spá fyrir síðari hluta árs 2025	14

Staða og þróun á fyrri hluta árs 2025

Atvinnuleysi á fyrstu 7 mánuðum ársins 2025 var 3,9% samanborið við 3,5% á sama tímabili árið 2024. Atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu jókst meira en á landsbyggðinni og jafnframt var atvinnuleysi á Suðurnesjum hærra en á öðrum landsvæðum. Búið er við stöðugum hagvexti í ár eftir samdrátt á síðasta ári og að verðbólga lækki áfram hægt.¹ Virðist vinnumarkaður hafa farið kólnandi það sem af er ári sem bæði má sjá á hækkandi atvinnuleysi og minni fjölgun starfandi á árinu.

Undanfarin ár hefur atvinnuleysi fólks af erlendum uppruna verið hærra en meðal Íslendinga og árstíðarsveifla atvinnuleysis mun meiri. Tímabil atvinnuleysis hjá erlendum ríkisborgurum er einnig að meðaltali lengra en hjá Íslendingum og þegar litið er til tölulegra gagna síðastliðin 3 ár voru um 56% íslenskra ríkisborgara afskráðir af atvinnuleysisskrá á innan við 4 mánuðum meðan hlutfallið var 40% fyrir erlenda ríkisborgara.

Atvinnuleysi ungs fólks á vinnumarkaði jókst minna en hjá öðrum aldurshópum á fyrri helmingi ársins 2025 en langtímaatvinnuleysi jókst lítillega.


Á fyrstu 6 mánuðum ársins fjölgaði störfum mest innan opinberrar stjórnsýslu, fræðastarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónustu ásamt byggingariðnaði á meðan störfum innan framleiðslugeirans og gististarfsemi fækkaði milli ára.

Atvinnuleysi jókst á sama tíma mest í byggingariðnaði og greinum tengdum ferðaþjónustu eins og veitinga- og gistipjónustu. Hlutfallslega hefur dregið úr atvinnuleysi í atvinnugreinum tengdum verslun og þjónustu og innan opinberrar stjórnsýslu og skildum greinum.

Skammtímaspá Vinnumálastofnunar gerir ráð fyrir að atvinnuleysi á síðari hluta árs 2025 fari vaxandi og að atvinnuleysi fari hæst í 4,2-4,3% við lok árs.

¹ Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands, júní 2025.

1. Tímabil atvinnuleysis
Hlutfall afskráðra eftir mánuðum á atvinnuleysisskrá



Staðan á vinnumarkaði


Mánaðarlegt atvinnuleysi á fyrri helmingi árs 2025 fylgdi að mestu leyti sömu árstíðarþróun og árið 2024 en var hærra allt tímabilið. Í júlí 2025 var atvinnuleysi 3,4% en var 3,1 % á sama tíma árið á undan. Þegar litið er til alls tímabilsins 2023 – júl.2025 hefur atvinnuleysi verið nokkuð stöðugt en hefur þó farið hækkandi allt tímabilið ef litið er fram hjá árstíðarsveiflum. Ef atvinnuleysi fylgir áfram sömu árstíðarþróun og síðustu ár má gera ráð fyrir að atvinnuleysi fari hækkandi á síðari hluta ársins 2025.

Langtímaatvinnuleysi lækkaði hratt árið 2023 og var síðan nokkuð stöðugt allt árið 2024. Frá lokum árs 2024 og á fyrri


hluta 2025 hefur langtímaatvinnuleysi hækkað lítillega og á fyrstu 7 mánuðum ársins 2025 hefur langtímaatvinnuleysi verið 0,72% af vinnuafli samanborið við 0,62% fyrir sama tímabil árið á undan.

Á fyrri hluta árs 2025 var fjöldi þeirra sem höfðu verið án atvinnu í meira en 12 mánuði að meðaltali um 1.500 manns á mánuði og hækkaði úr rúmlega 1.200 frá fyrra ári. Gera má ráð fyrir að hlutfall langtímaatvinnulausra hafi náð lágsta punkti um mitt ár 2024 og að fjöldinn muni halda áfram að vaxa á seinni hluta árs 2025 en það fer þó eftir þróun hagkerfisins og vinnumarkaðar.

2. Mánaðarlegt atvinnuleysi
2023 - júlí 2025



3. Langtímaatvinnulausir sem hlutfall af vinnuafli
2023 - júlí 2025



Vinnuafli

Vinnuaflið, þ.e.a.s. allir starfandi og atvinnulausir, voru um 235.500 manns að meðaltali fyrstu sex mánuði ársins 2025 og fjölgaði um 1.600 manns frá sama tímabili árið 2024 samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands.

Atvinnuþátttaka kvenna jókst meira en karla á tímabilinu eða um 1,3% á móti 0,1% hjá körlum.

Atvinnuþátttaka hefur sögulega verið mjög há á Íslandi miðað við önnur lönd og hefur síðastliðin þrjú ár verið á bilinu 80-82% fyrir aldurshópinn 16-74 ára.

Vinnumálastofnun veitir einstaklingsmiðaða ráðgjöf og stuðning við atvinnuleitendur með skerta starfsgetu. Á árinu 2024 sóttu 613 um þjónustu Vinnumálastofnunar á landsvísi vegna þessa úrræðis. Gert er ráð fyrir að þessi hópur fari stækkandi í kjölfar breytinga á örorkulífeyriskerfinu sem taka gildi haustið 2025.



Unndís – Fjölgun hlutastarfa

Vorið 2024 var Vinnumálastofnun falið að leiða verkefnið Unndísi fyrir hönd félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins (nú félags- og húsnaðisráðuneytið). Frá upphafi hefur verkefnið verið unnið í nánu samstarfi við Öryrkjabandalagið (ÖBÍ).

Tilfni verkefnisins eru þær kerfisbreytingar sem taka gildi 1. september 2025 á örorkulífeyriskerfinu, þar sem markmiðið er að hvetja til aukinnar þátttöku fólks með mismikla starfsgetu á vinnumarkaði. Slík aukin þátttaka kallar á fjölgun hlutastarfa og inngildandi starfshætti hjá atvinnurekendum.

Verkefnið Unndís byggir á alþjóðlegri fyrirmynd frá Sameinuðu þjóðunum (UNDIS – United Nations Disability Inclusion Strategy) og felur í sér verkfæri með innbyggðu matskerfi. Markmiðið er að styðja atvinnulífið við að þróa vinnustaðameningu sem tekur mið af mismikilli starfsgetu og tryggir öllum jafnt aðgengi að störfum.

Með breytingum á lífeyriskerfinu er gert ráð fyrir að fleiri einstaklingar með sérfræðipækkingu, sem hafa farið út af vinnumarkaði vegna sjúkdóma eða slysa, sækist nú eftir þátttöku á ný. Til að mæta þeirri þróun er nauðsynlegt að fjölga hlutastörfum og styðja atvinnurekendur í að skapa sveigjanleg atvinnutækifæri.

Verkefnið hefur þegar verið innleitt hjá undirstofnunum ráðuneytisins og fjölmörg fyrirtæki á almennum vinnumarkaði hafa einnig hafið Unndísarvegferðina. Frá haustinu 2024 hafa verið haldnar yfir 40 kynningar fyrir fyrirtæki, sveitarfélög og hagsmunasamtök á borð við Samtök atvinnulífsins og Félag atvinnurekenda. Einnig hefur verið unnið náið með ráðgjafafyrirtækjum á borð við Capacent og Hagvang.

Markmið Unndísar er að veita fyrirtækjum faglega ráðgjöf, fræðslu og eftirfylgd með það að leiðarljósi að fjölgun hlutastarfa verði að raunveruleika og að ráðningar verði farsælar, bæði fyrir atvinnurekendur og starfsfólk.

Stefnt er að því að verkefnið verði að fullu innleitt í þjónustu AMS (Atvinna með stuðningi) og IPS (Individual Placement and Support) í ágúst 2026.

Starfandi

Fjöldi starfandi samkvæmt skráargögnum Hagstofu Íslands voru 220.900 að meðaltali á fyrstu 6 mánuðum ársins 2025 og fjölgaði um 0,6% miðað við sama tímabil árið á undan. Starfandi teljast allir þeir sem voru með launatekjur á tímabilinu. Konum með launatekjur fjölgaði um 0,8% á móti 0,5% aukningu hjá körlum. Hlutfall innflytjenda var 24,3% af öllum starfandi fyrstu sex mánuði ársins og hækkaði um 0,8% miðað við sama tímabili árið á undan. Karlar voru þar fleiri en konur og á fyrstu sex mánuðum ársins 2025 var u.þ.b. fjórðungur starfandi karlmannna hér á landi af erlendum uppruna eða 24,8%.

Hægt hefur á fjölgun starfandi undanfarin ár og á það við um bæði íslenskt og erlent starfsfólk. Þannig fjölgaði starfandi einungis um 0,6% milli ára á fyrstu sex mánuðum ársins 2025 og starfandi Íslendingum fækkaði hlutfallslega um 0,4% fyrri hluta ársins 2025 miðað við sama tímabil árið áður. Á sama tíma var fjölgun starfandi með erlendan bakgrunn 3,9% á fyrstu sex mánuðum ársins, samanborið við 8,1% fjölgun yfir sama tímabil árið 2024.


Þegar litið er til þróunar í fjölda starfandi eftir atvinnugreinum þá fjölgaði starfsfólki mest innan opinberrar stjórnsýslu,

fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónustu og var fjölgun þar 1,6% milli ára, sem er umfram fjölgun fyrir vinnumarkaðinn sem heild og skýrir stóran hluta af fjölgun í fjölda starfandi heilt yfir. Líta ber til þess að um 30% allra starfandi vinna innan atvinnugreina sem falla í þennan flokk. Einnig var fjölgun starfandi í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð umfram ofangreint meðaltal fyrstu sex mánaða ársins eða um 1,8%, þó dregið hafi úr hraða miðað við sama tíma árið áður.

Í einkennandi greinum ferðaþjónustu fækkaði störfum um 0,6% milli ára, en um 13% starfandi teljast til atvinnugreina innan þeirrar flokkunar. Sömu sögu er að segja af greinum tilheyrandi framleiðslu og sjávarútvegi, þar fækkaði störfum um 1,5% milli ára, en um 13,5% starfandi tilheyra þessum flokkum.

Fjöldi lausra starfa ríma einnig ágætlega við ofangreinda þróun. Að meðaltali var hlutfall lausra starfa fyrstu sex mánuði ársins um 2,1% samanborið við 3,1% á sama tíma árið 2024. Í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð voru að jafnaði um 5,7% starfa laus en 9,2% árið 2024. Dregið hefur úr eftirspurn eftir vinnuafli á milli árinna 2024 og 2025 og bendir þróunin til þess að dregið hafi úr spennu á vinnumarkaði.

4. Fjölgun starfandi, 2023 - júní 2025
Íslenskur og erlendum bakgrunnur




Atvinnulausir

Að meðaltali voru um 8.100 atvinnulausir á mánuði fyrstu 7 mánuði ársins og var það fjölgun um 900 manns frá sama tímabili árið áður en meðalfjöldinn á fyrri hluta árs 2024 var um 7.200 manns. Karlar voru um 4.750 af þessum hóp og konur um 3.350.

Mest atvinnuleysi á fyrri hluta árs 2025 var innan atvinnugreina-flokkanna, verslun og vöruflutningar ásamt opinberri þjónustu, fræðslu, heilbrigðis- og félagsþjónustu en þar ber að líta til þess að mjög margir vinna innan þessara greina. Þær atvinnugreinar þar sem atvinnuleysi jókst mest voru byggingar-iðnaður, annar iðnaður og greinar tengdar ferðaþjónustu.

Gera má ráð fyrir að háir stýrivextir og minni hagvöxtur dragi úr vexti í byggingariðnaði en þó vekur það athygli að fjöldi starfandi í byggingariðnaði jókst umfram aðrar greinar á fyrstu 6 mánuðum ársins 2025 á sama tíma og atvinnuleysi innan greinarinnar fór vaxandi. Mjög hefur hægt á fjölgun ferðamanna undanfarna 12 mánuði og er það líkleg skýring á hækkandi atvinnuleysi í greinum tengdum ferðaþjónustu, veitinga- og gististarfsemi ásamt annarri þjónustustarfsemi.

5. Atvinnulausir eftir atvinnugreinum



Erlent starfsfólk á íslenskum vinnumarkaði


Erlendir ríkisborgarar voru um 24,5% allra starfandi í júní 2025 og hafði hlutfallið hækkað úr 23,8% frá áramótum. Þegar litið er til mannfjölda á Íslandi var hlutfall erlendra ríkisborgara hins vegar um 17,6% á öðrum fjórðungi 2025 og því ljóst að hærri hlutfall þeirra er á vinnualdri heldur en hjá Íslendingum almennt.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara var um 57% af heildarfjölda atvinnulausra á fyrstu 7 mánuðum ársins 2025 sem er svipað hlutfall og árið á undan. Meðalatvinnuleysi var 8,6% hjá erlenda hópnum á fyrri hluta árs 2025 en 2,2% hjá Íslendingum. Mun meiri árstíðarsveifla er í atvinnuleysi erlendra ríkisborgara og virðast þeir jafnframt vera lengur á atvinnuleysissskrá en Íslendingar. Undanfarin ár hefur erlendi hópurinn að meðaltali verið um 2 mánuðum lengur á skrá.

Helsta ástæða þess að árstíðarsveifla atvinnuleysis hjá erlenda hópnum er meiri en hjá Íslendingum er að margir þeirra starfa innan byggingariðnaðar, verslunar og vöruflutninga eða í greinum tengdum ferðaþjónustu. Allar þessar greinar stjórna af árstíðarsveiflum og eru jafnframt næmar fyrir niðursveiflu í hagkerfinu. Hjá Íslendingum án atvinnu voru algengustu atvinnugreinarnar opinber þjónusta, fræðsla, heilbrigðis og félagsþjónusta ásamt verslun og vöruflutningum.

Hópurinn með erlent ríkisfang hefur síðustu ár verið stór hluti þeirra sem eru í þjónustu hjá Vinnumálastofnun og hefur undanfarið farið fram rýni á hvaða úrræði nýtist þessum hópi í atvinnuleitinni.

6. Atvinnuleysi eftir uppruna Íslenskt og erlent ríkisfang



Þjónusta Vinnumálastofnunar við erlenda atvinnuleitendur

Vinnumálastofnun veitir öllum atvinnuleitendum þjónustu, óháð ríkisfangi. Í ljósi fjölda erlendra atvinnuleitenda hefur verið lögð sérstök áhersla á þróun úrræða sem taka mið af þörfum þessa hóps.

Vinnumálastofnun á í virku samstarfi við símenntunarmiðstöðvar um land allt við skipulag námskeiða. Undanfarin tvö ár hafa svonefndar smiðjur verið próaðar fyrir erlenda atvinnuleitendur og hafa þær gefið góða raun. Uppbygging smiðjanna felur í sér kennslu í starfstengdri íslensku og fagnámi tengdu ákveðnum starfsgeirum, sem í framhaldinu er styrkt með starfsþjálfun á vinnustað. Í mörgum tilvikum hefur sú þjálfun leitt til ráðningar. Dæmi um slíkar smiðjur eru leikskólasmíðja, umönnunarsmíðja og ferðaþjónustusmíðja.

Atvinnuleitendum stendur til boða að sækja tvö íslenskunámskeið árlega sér að kostnaðarlausu, auk þess sem veittur er styrkur til þátttöku í þriðja námskeiði. Fjöldi einstaklinga nýtir sér þessi úrræði árlega. Þá býður stofnunin erlendum atvinnuleitendum upp á fría áskrift af snjallforritinu Bara tala. Því er ætlað að auka orðaforða, hlustunarfærni og þjálfu aðflutta í að tala íslensku, með áherslu á starfstengt íslenskunám. Eru allir atvinnuleitendur hvattir til að efla íslenskukunnáttu sína.

Starfsleitar- og sjálfsefingarnámskeið eru einnig í boði á ýmsum tungumálum. Þó ber að hafa í huga að stór hluti þátttakenda hefur litla sem enga kunnáttu í íslensku, og því er jafnframt boðið upp á námskeið á öðrum tungumálum, svo sem ensku, pólsku, arabísku, rúmensku og spænsku.



Ungt fólk á vinnumarkaði – Aldurshópur 18-29 ára

Atvinnuþátttaka ungs fólks hér á landi er há miðað við önnur lönd og atvinnuleysi minna en í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við. Árið 2024 var atvinnuleysi fólks á aldursbilinu 15-29 ára 11,4% innan Evrópu-sambandsins en 6,6% á Íslandi. Atvinnuleysi í þessum aldurshóp er jafnan meira en fyrir vinnumarkaðinn sem heild og fólk líklega til að vera í hlutastarfi.


Aldurshópurinn 18-29 ára er hópur sem fylgst er sérstaklega með hérlandis líkt og erlendis. Um er að ræða fjölbreyttan hóp sem getur verið í viðkvæmri stöðu sökum skorts á menntun og reynslu og fyrirbyggja þarf bæði langtímaatvinnuleysi og ótímabært brotthvarf af vinnumarkaði. Hins vegar virðist sem atvinnulausir í þessum aldurshóp séu almennt frekar fljótir að

fá vinnu aftur og gögn Vinnumálastofnunar sýna að yfir helmingur hópsins er farinn af atvinnuleysisskrá innan 3-4 mánaða.

Á fyrstu 7 mánuðum ársins 2025 voru að meðaltali 2.180 manns á aldursbilinu 18-29 ára skráðir atvinnulausir á mánuði samanborið við 2.040 á sama tímabili árið áður. Voru þeir um 26% allra á atvinnuleysisskrá á fyrri hluta ársins en það hlutfall hefur lækkað lítillega síðustu ár.


Langtímaatvinnuleysi meðal þessa hóps hefur hækkað lítillega það sem af er ári og á fyrri hluta ársins 2025 höfðu um 13% allra atvinnulausra í þessum aldurshópi verið án vinnu í 12 mánuði eða lengur. Þegar litið er til þjóðernis voru 69% langtímaatvinnulausra í unga aldurshópnum með erlent ríkisfang í júlí 2025.

7. Atvinnuleysi ungs fólks á Norðurlöndum*
2020-2024



*Aldurshópur 15-29 ára. Heimild: Eurostat

8. Atvinnuleysi ungs fólks, 2023 - júlí 2025
Fjöldi atvinnulausra á aldursbili 18-29 ára




Heimild: Vinnumálastofnun

Landssvæði

Þróun atvinnuleysis eftir landssvæðum hefur verið ólík undanfarin ár. Á höfuðborgarsvæðinu var meðalatvinnuleysi 4,0% á fyrstu 7 mánuðum ársins 2025 og hækkaði úr 3,6% árið áður. Á landsbyggðinni var meðalatvinnuleysi tímabilsins 3,6% en var 3,4% árið áður. Atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu hefur því aukist meira en á landsbyggðinni það sem af er ári 2025.

Meðalatvinnuleysi hækkaði í öllum landshlutum á fyrstu 7 mánuðum ársins 2025 nema á Vesturlandi þar sem það stóð í stað milli ára og var 2,7%. Hæst var atvinnuleysi yfir tímabilið á Suðurnesjum, 6,9% og hækkaði úr 6,0% frá 2024. Sveiflur í atvinnuleysi hafa jafnframt verið mestar á því svæði undanfarin ár. Á öðrum landssvæðum var atvinnuleysi lægra en fyrir landið sem heild en hækkaði lítillega milli ára.

9. Atvinnuleysi eftir landssvæðum
Árlegt atvinnuleysi 2023 - júlí 2025




Heimild: Vinnumálastofnun

Árið 2024 var meðalatvinnuleysi bæði karla og kvenna 3,5% en á fyrri hluta árs 2025 var meðalatvinnuleysi 4,1% hjá körlum en 3,6% hjá konum. Atvinnuleysi meðal karla hefur því aukist umtalsvert meira en meðal kvenna það sem af er ári. Þegar litið er til landssvæða var þróunin hins vegar í mörgum tilfellum ólík milli kynja en karlar voru alls staðar í meirihluta atvinnulausra nema á Suðurlandi. Mesta breytingin var á Suðurnesjum en þar var atvinnuleysi kvenna 6,5% á fyrri hluta árs 2025 og lækkaði úr 6,6% árið á undan en atvinnuleysi karla var 7,2% og hækkaði úr 5,8% frá fyrra ári.

Yfir landið sem heild hefur orðið fjölgun í hlutfalli vinnuafis með erlendan bakgrunn en mjög hægði á þeirri fjölgun á fyrri hluta árs 2025. Hlutfall starfandi með erlendan bakgrunn var 24,1% í júní 2025 og hækkaði úr 23,4% á sama tíma árið áður. Hæst var hlutfallið á Suðurnesjum en þar voru um 38% allra starfandi með erlendan bakgrunn um mitt ár 2025 samkvæmt gögnum Hagstofu Íslands. Lægst var hlutfallið á Norðurlandi en þar voru innflytjendur einungis um 16% allra starfandi og þónokkuð undir landsmeðaltali.

10. Atvinnuleysi karla og kvenna eftir landssvæðum Jan - júl 2025



Heimild: Vinnumálastofnun

Atvinnuleysi og vinnumarkaður – spá fyrir síðari hluta árs 2025

Undanfarin 3 ár hafa einkennst af stöðugleika á íslenskum vinnumarkaði og sveiflur í atvinnuleysi hafa að mestu tengst árstíðarbundnum breytingum á vinnumarkaði. Þó hefur atvinnuleysi farið hægt hækkandi yfir allt tímabilið og við mat á þróun atvinnuleysis á síðari hluta árs 2025 gerir Vinnumálastofnun ráð fyrir að sú þróun haldi áfram.

Samkvæmt nýjustu þjóðhagsspá Hagstofunnar er gert ráð fyrir 2,2% hagvexti árið 2025 og 2,6% árið á eftir. Reiknað er með að verðbólga lækki hægar en fyrri spár gerðu ráð fyrir og að launavísitala hækki lítillega. Þegar litið er til þessara þátta má gera ráð fyrir að atvinnuleysi á síðari hluta árs 2025 muni fara hækkandi.

Varðandi þróun atvinnuleysis innan atvinnugreina gerir Vinnumálastofnun ráð fyrir að atvinnuleysi aukist innan greina tengdum ferðaþjónustu og framleiðslugreinum en að mögulega verði viðsnúningur á atvinnuleysi í byggingariðnaði vegna fjölgunar starfa í greininni.

Í heildina gerir Vinnumálastofnun ráð fyrir að atvinnuleysi verði hærra allt árið 2025 en árið á undan og jafnframt að árstíðarbundnar sveiflur aukist lítillega. Í spá sem Vinnumálastofnun birti í febrúar 2025 var gert ráð fyrir að árlegt atvinnuleysi yrði 3,8% - 4,0% og í uppfærðri spá fyrir síðari hluta árs 2025 er gert ráð fyrir að atvinnuleysi fari hæst í 4,2% - 4,3% í lok árs 2025.

11. Mánaðarlegt atvinnuleysi 2025
Spá VMST og rauntölur

